

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis á Þórshöfn á fundi sínum 11. maí 2023.

Breyting á skipulaginu felst í því að botnlangagatan Langholt breytist í Markholt þar sem götuheitið Langholt er tvítekið í hverfinu. Vísað er til örnefnisins „Markgrófarás“ í nágrenninu. Einnig er lóð við enda götunnar skipt upp í tvær lóðir. Breytingin felur í sér að Langholt 1a, 1b, 2, 3, 4 og 5 verður eftir breytinguna Markholt 1a, 1b, 2, 3, 4, 5 og 6. Að öðru leyti gildir áfram deiliskipulagið frá 14. nóvember 2019.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Langanesbyggðar, 12. maí 2023,

Arnar Birgir Ólafsson skipulagsráðgjafi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. maí 2023